



Greinargerð Stefáns Boga Sveinssonar um breytingar á samþykktum SSA, lögð fyrir haustþing SSA á Vopnafirði 18. september 2025

Samkvæmt beiðni hef ég velt vöngum yfir mögulegum breytingum á samþykktum SSA þar sem komið er til móts við helstu sjónarmið sem fram komu á síðasta aðalfundi SSA í maí 2025 og í aðdraganda hans, að því marki sem þau eru mér kunn og eins og þau horfa við mér.

Þar eru þessi atriði helst:

- Afgerandi krafa er frá Fljótsdalshreppi um að fá að tilnefna fulltrúa í stjórn sem hefur fullan atkvæðisrétt. Sú krafa naut nokkurs stuðnings fulltrúa annarra sveitarfélaga á aðalfundinum, en þó ekki svo að tillaga þar um yrði samþykkt.
- Fram hefur komið það sjónarmið að við ákvarðanatöku innan SSA hafi stærri sveitarfélög áhrif í samræmi við stærð sína og hlutdeild í fjármögnun verkefna sambandsins. Atkvæðavægi á fulltrúafundum endurspeglar þetta nú að fullu.
- Almenn ánægja virðist vera með skipan stjórnar að öðru leyti, þ.e. fjölda fulltrúa (að áheyrnarfulltrúa meðtöldum), vinnuanda og samstarfið innan stjórnar. Allir aðilar virðast sammála um að það komi nánast ekki fyrir að afl atkvæða ráði úrslitum innan stjórnar, þó slíkt geti vitaskuld alltaf komið upp.
- Það sjónarmið er ríkjandi að ekki sé æskilegt að kostnaður við stjórnina aukist að ráði, eins og væri óhjákvæmilegur fylgifiskur fjölgunar í stjórn.
- Aðalfundur SSA samþykkti tillögu um að skoðað yrði hvernig hægt væri að tryggja að öll sveitarfélög hefðu atkvæðisrétt á stjórnarfundum, að teknu tilliti til sjónarmiða sem hafa að mestu leyti verið reifuð hér að framan.

Eftir umhugsun virðist mér að leiðin til að koma til móts við öll framangreind sjónarmið geti falist í því að skrifa nokkurskonar "neyðarhnapp" inn í samþykktir SSA. Það gæti litið einhvern veginn þannig út að áheyrnarfulltrúi Fljótsdalshrepps verði gerður að fullgildum fulltrúa með breytingu ákvæði um skipan stjórnar.

Síðan eru til dæmis tvær leiðir færar til að koma fyrir "neyðarhnappi".

Annars vegar er það sú leið að skrifa inn í samþykktirnar ákvæði þar sem hverjum einum fulltrúa í stjórn, eða hugsanlega tveimur saman, sé gert heimilt að vísa máli sem liggur fyrir stjórn til afgreiðslu, til afgreiðslu fulltrúafundar (sem sagt aðalfundar, aukaaðalfundar eða haustþings). Þannig sé málinu kippt af borði stjórnar og atkvæði



verði svo greidd um það á fulltrúafundi þar sem atkvæðavægi tekur mið af íbúafjölda sveitarfélaga.

Hins vegar mætti skrifa inn ákvæði þar sem hverjum einum fulltrúa í stjórn, eða mögulega tveimur saman, sé gert heimilt að krefjast þess að við atkvæðagreiðslu innan stjórnar gildi samskonar regla um atkvæðavægi og gildir á fulltrúafundum.

Kostir beggja tillagna eru eftirfarandi:

- Engar breytingar á fjölda fulltrúa á fundum eða kostnaði við stjórnarlaun og þess háttar.
- Áfram er gert ráð fyrir að meginreglan í starfi stjórnar sé að komast að sameiginlegri niðurstöðu innan stjórnar og mál séu útkljáð í sátt.
- Farið sé með mál þar sem ágreiningur kemur upp, einkum milli stærri og minni sveitarfélaga, sem frávik sem verðskulda sérstaka meðferð.

Kostir fyrri tillögu umfram hina síðari:

- Breyting á samþykktunum yrði heldur umfangsminni.
- Ekki gert ráð fyrir að tvenns konar reglur (raunar þrenns konar ef horft er til svæðisskipulagsnefndar) geti gilt um atkvæðagreiðslur innan stjórnar.
- Það má kalla eðlilegt að ef mál eru nógu umdeild til að til greina komi að beita þessu ákvæði, komi þau til kasta fleiri fulltrúa að ræða og leiða til lykta.

Kostir síðari tillögu umfram hina fyrri:

- Hægt er að leiða mál til lykta strax, en þarf ekki að bíða þess að fulltrúafundur sé kallaður saman.

Fyrirsjáanlegur veikleiki síðari tillögu:

- Í samþykktunum er gert ráð fyrir að mögulega sitji varafulltrúi eins sveitarfélags í sæti aðalfulltrúa annars á stjórnarfundum, sbr. reglur um hvernig ber að kalla til varafulltrúa á fund. Ef svo háttar til og heimild eins og lýst er í síðari tillögunni yrði breytt gæti komið upp óvissa með hvernig atkvæðavægið á að vera. Það þyrfti að skýra það sérstaklega í samþykktum, sem er hægt en myndi kannski gera þær óþarflega flóknar af litlu tilefni.

Meðfylgjandi eru fyrri og síðari útfærsla á breytingum á 5. og 6. grein samþykktanna.